

Verkefnaráð

Fundargerðir: Verkefnaráð 08.05.2025

Azure – kynning vörustjóra.....	3
Notendamiðuð gervigreindaraðstoð á vef	5
Umsjónarkerfi fyrir SFS - Minnisblað verkefnastjóra	7

Verkefnaráðsfundur 08.05.2025

Verkefni Verkefnaráð	Yfirskrift fundar Verkefnaráðsfundur 2025 - Kynningar
Dagsetning 08.05.2024	Staðsetning Borgartún 12-14
Mættir: Eva Björk Björnsdóttir, Harpa Atladóttir, Óskar Jörgen Sandholt, Ólafur Sólímánn Helgason, Arna Ýr Sævarsdóttir, Þröstur Sigurðsson, Lena Dögg Dagbjartsdóttir, Hreinn Valgerðar Hreinsson, Ásta Þöll Gylfadóttir.	
Fjarverandi:	
Fundarritari: Eva Björk Björnsdóttir/Harpa Atladóttir	

Fimmtudagur 08.maí 2025, kl.09:30 – 10:30 4.hæð vestur, Þverárvot, Borgartún 12-14

- 09:30 -09:35 Samstilling
- 09:35–09:55 Azure - Kynning vörustjóra
Lena Dögg Dagbjartsdóttir
- 09:55–10:00 Umræður
- 10:00–10:20 Notendamiðuð gervigreindaraðstoð á vef - Ósk um fjármagn
Ásta Þöll Gylfadóttir, Hreinn Valgerðar Heinsson
- 10:20-10:25 Umræður
- 10:25-10:30 Umsjónarkerfi fyrir SFS - Minnisblað verkefnastjóra
- 10:30 Fundi slitið

Azure – kynning vörustjóra

Azure er hagkvæmt og öruggt upplýsingatækni umhverfi í skýjunum. Það var sett upp með miklum hraða árið 2020 þar sem þörf hafði myndast fyrir að reka vefi og lausnir þar. Árið 2023 var farið í gegnum matsferli með Microsoft sem sýndi hvort lausnin væri rétt sett upp og hvernig best væri að vinna með hana.

Azure Future verkefnið byggir á þeirri úttekt og hófst árið 2024. Hluti verkefnisins fór í Afleggjarann sem er skapandi lærdómssvettvangur á vegum þjónustuhönnuða borgarinnar þar sem starfsfólk hittist til þess að leysa áskoranir í sínu starfi. Þar voru teknar ákvarðanir um rekstur umhverfisins til framtíðar. Það þurfti að laga regluverk, taka til og endurhanna umhverfið á hagkvæmari hátt.

Að loknu þriggja ára verkefni verður umhverfið hagkvæmara og rekstrarteymi mun halda utan um rekstur Azure umhverfisins og tryggja stöðugleika þess.


Afurðir Azure Future verkefnisins:

- Skjölun kerfiseininga (e. resources) í Azure
- Skjölun útgáfu- og þróunarferla
- Kostnaður við rekstur núverandi og nýs Azure umhverfis þarf að vera ljós
- Forgangsraðaður listi yfir alla kerfishluta (e. apps, resources) sem þarf að setja upp
- Staðfesting á að Azure umhverfi uppfylli öryggiskröfur
- Staðfesting á kröfum til skalanleika
- Skilgreining á eftirliti með kerfisinnviðum og kostnaði við Azure
- Rekstrarteymi og áætlun til framtíðar

Vörustjóri – kom að verkefninu í nóvember 2024

- Fókus á vöruna
- Skýr stefna og heildarsýn
- Stytting boðleiða og skýr skilaboð
- Talsmaður vörunnar og tengiliður við hagsmunaaðila
- Áhersla á rekstur, kostnað, notkun og öryggi

Vörður ársins 2025



Aðgerðir

- Virkara samtal við hagsmunaaðila
 - Samráðshópur
 - Stýrihópur
- Skýr fókus og regluleg mánaðarleg eftirfylgni
- Skilgreind ferli og boðleiðir
- Þjónustuteymi mannað
- Stytttri vinnustofur um afmörkuð efni

Sigrar

- Samvinna hefur batnað með skýrari verkaskiptingu og meðvitund um hlutverk
- Öryggið komið í forgang
 - Stjórnun aðgangs með auknum réttindum (e. PIM) komið í notkun
 - Hlutverkatengd aðgangsstýring (e. RBAC) nýtt við aðgangsveitingu
- Skýjainnleiðingarrámmi frá Microsoft (e. CAF) - uppsetning komin langt á veg
- Aukin yfirsýn og betri stjórn á aðgangsstillingum í Microsoft Entra (auðkenning og aðgangsstýring) og Microsoft 365 E5 (framleiðni og öryggislausn)
- Ónotað diskapláss var fjarlægt úr rekstri - sparar það 2 m.kr. á mánuði (mars 2024)
- Azure DDOS (aukin vörn gegn netárásum) tekin úr notkun - sparnaður 5 m.kr. á ári (janúar. 2025)
- Azure notkun
 - Jan 2024 = 40 þús evrur
 - Jan 2025 = 22 þús evrur

Áskoranir framundan

- Að gera kostnaðarskiptingu skýra
- Auka hagkvæmni í rekstrinum
- Einfalda uppsetningar
- Að horfa saman fram á veginn

Umræður verkefnaráðs

Frábær kynning og mjög skiljanleg. Mikið hrós fyrir gott utanumhald.

Aftur í efnisyfirlit

Notendamiðuð gervigreindaraðstoð á vef

Þróun á gervigreind sem tæki fyrir notendur til að afla sér upplýsinga um allt milli himins og jarðar er mjög hröð. Mikilvægt að bregðast við þessari þróun af yfirvegun og skynsemi. Þróunin er að hafa áhrif á hegðun notenda og hvernig þeir kjósa að afla sér upplýsinga og þar með áskorun um hvernig efni er sett fram og samkeppni við alla sem lesa efni af vef.

Við búum þegar yfir lausn og tækni sem við viljum nýta til að aðstoða notendur á vefnum en þurfum að skoða betur hvernig hún nýtist notendum sem best, kanna betur þeirra þarfir og óskir og skapa traust milli tækni og notenda.

Fyrirnefnd lausn er nefnd Vefaðstoðin og er hún gervigreindarlausn Cludo og Miðeindar og er borgin með þróunarsamning við fyrirnefnd fyrirtæki með þeim tilgangi að við getum sett okkar mark á lausnina. Markmið vefaðstoðarinnar er að hún hjálpi fólki að sækja upplýsingar á einfaldan máta og að hún gefi skilvirkar leiðbeiningar er varða þjónustu borgarinnar.

Óskað er eftir frá verkefnaráði:

- Óskað er eftir að verkefnaráð veiti samþykki fyrir fjárveitingu verkefnis til áframhaldandi þróunar á gervigreindarlausn Cludo og Miðeindar, hönnun, notendarannsóknir og innleiðing.
- Óskað er eftir fjármögnun uppá **14 mkr.** m.a. vegna verkefnastjóra / notendaprófana / efnisvinnu / hönnunar / kerfiskostnaðar.

Búið er að gera:

- Áskorunarramma
- BETA útgáfa Vefaðstoðar komin í loftið
- Framkvæma greiningu á svörum Vefaðstoðar
- Frumútgáfa AI summary lausnar tilbúin til prófunar
- Samning til 12 mánaða við Cludo um leitarkerfi og áframhaldandi þróun vefaðstoðar
- Greina önnur tækifæri fyrir Cludo lausnina
- Verkefnið styður við samstarfssáttmálann um að bæta upplýsingafjöf og auka nýtingu á gervigreind

Með verkefninu á m.a að:

- Styrkja núverandi Vefaðstoð
- Samtvinna svör byggð á gervigreind við leit
- Búa til nýja leið fyrir notendur til að nálgast efni á vef
- Bylta viðmóti Vefaðstoðar og gefa meira vægi
- Bæta efni á vef

Væntur ávinningur/ábati:

Mælanlegur ábati

- Tímasparnaður – 892 klst
- Möguleiki á samreksti
Heildarsparnaður á ári: 8.652.400 kr.

Annar ábati

- Aukin hraði á upplýsingaveitingu
- Meiri starfsánægja – minna álag á starfsfólk þjónustuvers
- Bætt ímynd
- Aukin ánægja borgarbúa er varðar upplýsingagjöf
- Styður þjónustustefnu borgarinnar

Tímarammi: 9 mánuðir

Áætlaður kostnaður: 14 m.kr.

Næstu skref:

- Greining og notendaprófun á Vefaðstoð
- Notendarannsóknir á upplifun borgarbúa á næstu kynslóð gervigreindarspjalls
- Grunnhönnun fyrir notendaprófanir nýrrar forsíðulausnar
- Hönnun og framendaforritun – tengja netspjall
- Innleiðing, kynning og uppfæra efni
- Ítranir og önnur tækifæri fyrir fasa 3
- Rekstur, vörustýring og framtíðarsýn

Tegund verkefnis: Fjárfestingarverkefni

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Staðfest skor verkefnaráðs dags 03.04.2025 : 4,33

Niðurstaða verkefnaráðs:

Mjög spennandi verkefni og frábært að við séum komin á þennan stað. Verkefnaráð styður við þetta verkefni og er verkefnið tilbúið til framkvæmdar.

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefnaráð styður við þetta verkefni og er verkefnið tilbúið til framkvæmdar

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðilli	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra vef og vörustýringar	EBB/HA	x
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir stafrænan leiðtoga þON og eiganda verkefnis	EBB/HA	x

Aftur í efnisyfirlit

Umsjónarkerfi fyrir SFS - Minnisblað verkefnastjóra

Verkefnið útboð og innleiðing á umsjónarkerfi fyrir skóla- og frístundasvið var samþykkt í borgarráði 20. mars 2025. Þar sem verkefnið er stórt, viðamikið og kostnaðarsamt er óskað eftir aðkomu aðila frá ÞON í stýrihóp sem hefur góða yfirsýn á stafrænum leiðum borgarinnar.

Niðurstaða verkefnaráðs:

Skrifstofustjóri upplýsingatækniþjónustu þjónustu og nýsköpunarsviðs tekur sæti í stýrihópi verkefnisins.

Næsti fundur verkefnaráðs dags 5.júní 2025